

## REGLUGERÐ

### um (2.) breytingu á reglugerð nr. 188/2020, um veiðar á humri.

#### 1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða við reglugerðina orðist svo:

Allar veiðar á humri í fiskveiðilandhelgi Íslands eru bannaðar frá og með 16. mars 2022 til og með 15. mars 2024.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 8. og 9. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast gildi 15. mars 2022. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 174/2021 um (1.) breytingu á reglugerð um veiðar á humri.

*Matvælaráðuneytinu, 4. mars 2022.*

**Svandís Svavarsdóttir.**

*Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.*

B-deild – Útgáfudagur: 8. mars 2022